

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

3. fundur, haldinn í fundarsal A ÍSÍ 28.9.2015 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Sunna Sigurðardóttir gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir ritari, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir meðstjórnandi, Guðrún Ósk Jakobsdóttir varamaður, Þóra Margrét Hjaltsted formaður laganevndar, Berglind Pétursdóttir formaður tækninevndar í áhaldafimleikum kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunevndar, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir formaður tækninevndar í hópfimleikum, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Íris Svavarsdóttir sviðsstjóri.

Boðuð forföll: Sæunn Viggósdóttir.

Fundargerð ritaði: Sólveig Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Erindi frá Hetti og Sindra

Höttur og Sindri óska eftir því að keppa með sameiginlegt lið í meistaraflokki kvenna í hópfimleikum

Málið var tekið til umfjöllunar og samþykkt var að verða við ósk félaganna. Þau skulu fylgja móta – og keppnisreglum FSÍ eins og um eitt félag/lið væri að ræða.

2. Erindi frá FIMAK

Fimleikafélag Akureyrar senda inn vinsamlega athugasemd varðandi niðurröðun móta í yngri flokkum í hópfimleikum

Stjórn FSÍ þakkar fyrir góða ábendingu. FIMAK var úthlutað Íslandsmótinu í stökkfimi sem er eitt af fjölda mótum sambandsins á haustönn. Mikið kapp er lagt í að útdeila mótum á sem sanngjarnasta og réttan hátt. En því miður í hópfimleikum er staðan þannig að það eru fleiri sem sækja um að fá að halda mót en mótin eru, þar að leiðandi er ekki hægt að verða við öllum óskum. Að þessu sinni var niðurstaðan sú að FIMAK fékk ekki úthlutað hópfimleikamóti, en árin tvö þar á undan hefur FIMAK fengið úthlutaðu móti.

Fundargerðir nefnda:

3. Fundargerð fundar THF

4. Fundargerð fundar THF

5. Fundargerð fundar FFA

Fundi slitið klukkan 20:30



4. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 12. október.